

## Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna var haldinn mánudaginn 16. mars 2015 í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík og hófst fundurinn kl.18.

Ásta Rut Jónasdóttir, formaður stjórnar sjóðsins, setti ársfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Ólaf Gústafsson hrl. sem fundarstjóra og var hún einróma samþykkt. Fundarstjóri lagði til að Gerður Björk Guðjónsdóttir, mannauðsstjóri hjá lífeyrissjóðnum, yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri gerði síðan grein fyrir boðun fundarins sem auglýstur var í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 14. febrúar og 16. mars. Upplýsingar um fundinn komu jafnframt fram í starfsemisauglýsingu sjóðsins í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 21. febrúar. Einnig var sett tilkynning um ársfundinn á vef sjóðsins. Lýsti hann því fundinn lögmætan.

### 1. Skýrsla stjórnar

Ásta Rut Jónasdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar. Skýrsla formanns er í fylgiriti með fundargerðinni

### 2. Greinargerð framkvæmdastjóra

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2014, tryggingafræðilegri athugun miðað við árslok 2014, fjárfestingarstefnu, fjárhagsáætlun 2015, ásamt því sem hann gerði grein fyrir skipan stjórnar sjóðsins og ákvörðun um laun til stjórnar. Yfirferð framkvæmdastjóra er í kynningarglærum með fundargerðinni.


### 3. Umræða og önnur mál

Víglundur Þorsteinsson tók til máls og óskaði stjórn og starfsfólki sjóðsins til hamingju með frábæran rekstrarárangur á liðnu ári.


Taldi hann mikilvægt, í ljósi þess að lífslíkur eru stöðugt að aukast, að hagsmunaaðilar sem koma að lífeyriskerfinu, komi sér saman um að hækka eftirlaunaaldur í áföngum á næstu 10 til 15 árum úr 67 ára í 70 ára aldur. Þá taldi hann mikilvægt að ná jöfnuði lífeyrisréttinda á almennum vinnumarkaði við þá sem eru á opinbera vinnumarkaðinum. Víglundur taldi þó ekki skynsamlegt að hækka iðgjald til lífeyrissjóða til að ná þessum markmiðum.

Guðmundur Ingi Kristinsson örorkulífeyrisþegi talaði um óréttmæti þess að skerða bætur frá Tryggingastofnun á móti lífeyrisgreiðslum úr lífeyrissjóðum. Hvatti hann til þess að samtök launþega og atvinnurekenda ynnu saman að því að ná fram breytingu í þessum efnun.

Fleiri tóku ekki til máls. Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir setu þeirra á ársfundinum og sleit fundi kl. 18:50.



Ólafur Gústafsson hrl.  
Fundarstjóri



Gerður Björk Guðjónsdóttir  
fundarritari